

REGLUR UM HEILSUEFLINGARSTYRKI FYRIR STARFSMENN AKRANESKAUPSTAÐAR

1. gr.

Markmið.

Markmið með þessum reglum er að stuðla og hvetja starfsmenn Akraneskaupstaðar að stunda heilsueflingu. Reglubundin hreyfing og gott líkamlegt ástand stuðlar að bættri andlegri og líkamlegri heilsu, eykur starfsánægju og eflir starfsþrek.

2. gr.

Réttur til styrkveitingar.

Fastráðnir starfsmenn sem gegna 100% starfi hjá Akraneskaupstað eiga rétt á fullum styrk. Fastráðnir starfsmenn í hlutastarfi eiga rétt á styrk í samræmi við starfshlutfall.

Starfsmenn í tímabundinni ráðningu eiga rétt til styrkveitingar í samræmi við starfshlutfall en ráðning þarf að standa lengur en til sex mánaða.

Starfsmenn í launalausum leyfi og í launalausum námsleyfi njóta ekki heilsueflingarstyrks.

Styrkurinn er aðeins greiddur einu sinni á hverju almanaksári og verður að sækja um styrkinn fyrir 15. desember.

Vakin er athygli á að íþróttastyrkir eru framtalsskyldir en ekki skattskyldir, þ.e. færa þarf frádrátt á móti styrkveitingu í sérstakan reit á framtali.

3. gr.

Styrkir.

Heilsueflingarstyrkir taka mið af árlegri heilsueflingu, m.a. árskort í líkamsrækt, í sund og félagsgjöld til íþróttafélaga.

Styrkur er greiddur út gegn framvísun frumrits reiknings og á þar til gerðu eyðublaði. Umsóknir um heilsueflingarstyrk eru afgreiddar í gegnum þjónustuver Akraneskaupstaðar. Styrkbeiðni, ásamt frumriti kvittunar, fer til fjárreiðu- og bókhalsdeildar til yfirferðar og greiðslu. Styrkur er greiddur í samræmi við reikning en að hámarki kr. 25.000.

Upphæð hámarks heilsueflingarstyrks er ákveðin við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

Einstök námskeið teljast ekki styrkhæf samkvæmt þessum reglum en vakin er athygli á styrktarsjóðum stéttarfélaganna.



Starfsfólk Akraneskaupstaðar er sérstaklega hvatt til þess að stunda heilsuefningu sem er starfrækt innan sveitarfélagsins.

Reglur þessar eru settar í kjölfar samstarfs Akraneskaupstaðar og Embætti Landlæknis um heilsuefandi samfélag. Reglurnar taka gildi 1. janúar 2020.

Samþykkt í bæjarráði Akranes 27. júní 2019.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri

